

6. fundur Betadeildar starfsárið 2016 – 2017, haldinn 7. febrúar í VMA kl. 19

1. Aníta setti fundinn, bauð konur velkomnar, framkvæmdi nafnakall og bar kveðjur fjarstaddra félagskvenna. Að því loknu kveikti Halldóra á kertum. Aníta afhenti þá undirbúningshópi fundarins stjórnina og tók Margrét við henni fyrir hönd hópsins.
2. Lestur fundargerðar. Fríða las fundargerð bókafundar og var hún samþykkt.
3. Orð til umhugsunar. Selma flutti orð til umhugsunar og gerði að umfjöllunarefni kvíða og vanlíðan unga fólksins okkar sem tengt hefur verið mikilli notkun samfélagsmiðla. Notkun samfélagsmiðla hefur verið tengd við minni svefn ungmenna og vanlíðan sem hlýst af samanburði. Hún sagði okkur frá því að Danir greini einnig aukna vanlíðan meðal ungs fólks en þar sé það frekar streita sem er orskavaldurinn og kemur hún til vegna samkeppni um að komast í skóla og að standa sig. Að lokum sagði hún okkur frá grein sem hún las fyrir nokkrum árum og fannst áhugaverð. Greinin er eftir Tim Urban og birtist í Huffington Post árið 2013. Þar leitast hann við að greina það hvers vegna unga fólk þó nær ekki að festa hendur á hamingjunni. Hann segir væntingar aukast með kynslóðum og að nú sé svo komið að kynslóðin sem hann kallar Y kynslóðina og hefur verið alin upp við það hver einstaklingur sé sérstakur og allir vegir færir, lendi í sjálfsmyndarvanda þegar þau komast að því að heimurinn er fullur af sérstökum einstaklingum.
4. Erindi frá stjórn:

Leshringur 20. mars. Umræða um leshring tekin upp frá síðasta fundi. Samþykkt með handauppréttingu að halda leshringsfundi inni á vetrarskipulagi og undirbúningur hans verður í höndum þeirrar nefndar sem skipuð var skv. fundaskipulagi.

Aníta minnti á landsambandsþingið 6. og 7. maí og bað konur um að taka þá daga frá. Formaður minnti einnig á afmælis- og lokafund sem settur er föstudaginn 2. júní. Skv. hefð á að veita konu heiðursviðurkenningu á stórafmælisári og bað Aníta konur um að fara að velta því fyrir sér og koma ábendingum til stjórnar. Rifjað var upp að Kristín Aðalsteinsdóttir, Magnea frá Kleifum, Heiðís Norðfjörð og Rósa Eggertsdóttir hafa þegar hlotið heiðursviðurkenningar frá Betadeild. Á lokafundi færi einnig fram inntaka félaga. Nokkrar umræður um fyrirkomulag og fundarstað. Fram kom sú hugmynd að vera með heiðursviðurkenningu fyrst, t.d. kl. 17 og halda svo

afmælisfund á eftir. Aníta bað konur um að velta þessu fyrir sér og hvatti konur til þess að koma hugmyndum til stjórnar.

Aníta minnti á vef DKG og þakkaði Eygló það hve öflug hún er í að koma fréttum þangað. Einnig var minnt á persónulegan aðgang félagskvenna á alþjóðavefnum og að hver og ein þarf að fara inn á sitt svæði og uppfæra það ef við á. Í framhaldi af því var minnt á tilmæli frá alþjóðastjórn um að virða og gæta hlutleysisreglunnar sem hverfist um það að gera greinarmun á því hvenær félagskona tjáir sig fyrir hönd DKG og hvenær hún tjáir sig í eigin nafni.

Önnur mál:

Þorgerður flutti samantekt frá nefndinni sem sá um að skipuleggja kennaradaginn 5. okt. og mat nefndarinnar á því hvernig til tókst og greindi frá hugmyndum hennar til framtíðar. Fráfarandi nefnd leggur til að viðburður á þessum degi verði hefð því mikil ánægja hefði verið með framtakið. Nefndin leggur til að horft verði til þess að halda samræðuþing og nauðsynlegt sé að kjósa í nýja nefnd sem fyrst, helst í febrúar. Lagt er til að ein úr fráfarandi nefnd sitji áfram og að í nefndinni verði fulltrúar allra skólastiga. Því er vísað til stjórnar að finna fulltrúa í nefndina.

5. Kaffi, happdrætti og pyngja látin ganga. Anna Þóra Baldursdóttir fékk happdrættisvinninginn.
6. Erindi Ernu Gunnarsdóttur. Erna fékk námsorlof veturinn 2014 – 2015, hún dvaldi í London á haustönninni þar sem hún kynnti sér óhefðbundnar kennsluaðferðir með það fyrir augum að efla sig í því að ná til þeirra nemenda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu bóklegu námi og eru í brottfallshættu. Erindi Ernu var fróðlegt og veitti hún innsýn í skólamenningu og skólastarf í Lundúnaborg í máli og myndum.
7. Aníta þakkaði Ernu flutninginn og móttökurnar í VMA og Halldóra slökkti á kertum. Fundi var slitið kl. 21:40.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir